

	Fluttar: kr. 2522 63
7. Tillag til búnaðarskólans á Hvanneyri fyrir skólaárið 1900—1901	— 3000 00
8. Ýmisleg útgjöld	— 300 00
9. Eptirstöðvar	— 477 37
	kr. 6300

Með því eigi má jafna niður nema 4578 kr. 36 a. samkv. 56. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, ályktaði amtsráðið, að leita samþykkis landshöfðingja til að jafna niður 4860 kr., sem er hið eiginlega jafnaðarsjóðsgjald.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 30. júní 1899.

J. Havsteen.

Skýrsla

um aðalfund amtráðsins í Vesturamtinu 10.—12. júní 1899.

Árið 1899 10. júní var aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu settur og haldinn í Stykkishólmi af forseta þess, amtmanni Julius Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum Ásgeiri bónda Bjarnasyni á Knararnesi (úr Mýrasýslu), kaupmanni Sæmundi Halldórssyni í Stykkishólmi (úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu), sýslumanni Birni Bjarnarsyni á Sauðafelli (úr Dalasýslu), Eyjólfí kaupmanni E. Jóhannssyni í Flatey (úr Austurbarðastrandasýslu), hjeraðslækni Davíð Sch. Thorsteinsson í Stykkishólmi (úr Vesturbarðastrandasýslu), síra Kristni Daníelssyni á Söndum (úr Vesturísafjarðarsýslu) og prófasti síra Páli Ólafssyni á Prestbakka (úr Strandassýslu). Amtsráðsmaðurinn úr Norðurísafjarðarsýslu hafði í brjefi, dags. 27. f. m., tjáð forseta forföll sín, og sömuleiðis hafði vara- maðurinn skýrt forseta frá, að hann gæti eigi mætt.

Forseti minntist sorglegs fráfalls amtsráðsmanns úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Þórðar dbrm. Þórðarsonar frá Rauðkollsstöðum.

Með því eigi er borgað jafnaðarsjóðsgjald af Ísafjarðarkaupstað, eptir að lög 4. júní 1898, um breyting á gjaldheimtum til amtsjóða og sýslusjóða eru útkominn, sbr. 60. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi, verður kaupstaðurinn eigi skoðaður sem partur af amtinu sem amtsráðsumdæmi, og amtsráðsmaður Skúli Thoroddsen á Ísafirði þá eigi skoðaður sem búsettur í því, en samkv. 45. gr. nefndrar tilskipunar hlýtur fast aðsetur í amtinu að vera eins skilyrði fyrir því, að geta setið í amtsráðinu sem fyrir því, að vera kosin í það. Þar sem sæti Skúla sýslumanns Thoroddsens í amtsráði Vesturamtsins þannig væri laust, ályktaði amtsráðið að kjósa skyldi nýjan amtsráðsmann úr Norðurísafjarðarsýslu fyrir þann tíma, er Skúli Thoroddsen ætti eptir að sitja í amtsráðinu.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamts-

ins fyrir 1898, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Strandasýslu og Dalasýslu til endurskoðunar. **86**

2. Forseti lagði því næst fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólaskóla Vesturamtsins 1898 og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Vesturisafjarðarsýslu og Mýrasýslu til endurskoðunar.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1898, sem var framlagður, var fenginn í hendur amtsráðsmönnum úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Vesturbarðastrandasýslu til endurskoðunar.
4. Síðan var framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld ambókakasafnsins í Stykkishólmi fyrir 1898; var hann fenginn amtsráðsmanninum úr Austurbarðastrandasýslu til endurskoðunar.

Forseti gat þess um þenna síðastnefnda reikning, að einn gjaldliður hans snerti þá upphæð, sem borguð hafði verið til þess að útvega skýlieda hús handa safninu, sem hingaðil hafði verið geymt í fangelsinu í litlu herbergi þar, svo eigi hefði getað farið svo vel um það sem skyldi. Þar sem nú fjárveitingin bæði af landssjóðs hálfu og amtsráðsins var orðin riflegri en áður, og það mætti álíta óhjákvæmilegt að útvega safninu sæmilegt húsnæði, hafði forseti uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins fallizt á, að stjórnarnefnd safnsins byggði húsið í fjelagsskap við hreppsnefndina í Stykkishólmshreppi og skyldi það vera bókhlaða og þinghús fyrir hreppinn og kosta allt að því 1500 kr. Þegar húsið væri fullbúið, yrði saminn reikningur fyrir öllum byggingarkostnaðinum og hann lagður fram með tilheyrandi fylgiskjölum og kvittunum á næsta fundi amtsráðsins.

Forseti skýrði frá, að hann hefði gjört þá litlu breytingu á reglugjörð bókasafnsins 14. júní 1895, 10. gr., að menn, sem búa utan Stykkishólms, mættu fá bækur til láns fyrir eitt missiri í senn, og fleiri bækur en ákveðið væri í reglugjörðinni, eptir því sem á stæði og stjórnarnefndin ákvæði. Breyting þessa hafði forseti gjört samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 8.—10. júní f. á., sem gekk út á það, að binda 400 kr. fjárveiting úr jafnaðarsjóði til bókasafnsins því skilyrði, að mönnum utan Stykkishólms gæfist kostur á að fá bækur til láns veturinn yfir eptir því, sem nánar yrði ákveðið af forseta, sbr. Stj.tíð. 1898, B. bls. 167.

Amtsráðið samþykkti fyrgreindar ráðstafanir.

Nú hafði kostnaðurinn við bygging hússins orðið um 370 kr. meiri en áætlað var, og snertir helmingurinn af þessari upphæð amtíð; var sú tillaga upp borin að greiða mætti það fje úr jafnaðarsjóði amtsins, og fjellst amtsráðið á, að verja mætti í þessu skyni úr sjóðnum 200 kr.

5. Forseti skýrði frá, að inneign styrktarsjóðsins »Þorvaldar minning« í Söfnunarsjóði Íslands væri nú 4331 kr. 61 eyrir.
6. Forseti lagði fram brjef skólastjóra Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal, dags. 5. þ. m., með fylgiskjölum, þar sem hann fer þess á leit, að amtsráðið gjöri búnaðarskólann þar að opinberri eign með því að kaupa jarðirnar Ólafsdal með tilheyrandi húsum og áhöfn, og StóraMúla og Belgsdal, alt eptir framlögðum virðingargjörðum fyrir 44,000 kr.

87

Jafnframt þessu voru framlögð brjef sýslumannanna í Dalasýslu, Ísa-fjarðarsýslu og Strandasýslu, Barðastrandarsýslu og Mýrasýslu, dags. 8., 9., og 13. maí, og 8. júní þ. á., þar sem þeir skýra frá undirtektum sýslunefndanna í nefndum sýslum undir tilboð Torfa skólastjóra Bjarnasonar um að selja amtinu Ólafsdal með öllu tilheyrandi, þar með jarðirnar Belgsdal og Stóra Múla. Sýslunefndin í Dalasýslu hefir með 6 af 9 atkvæðum samþykkt eða mælt með því, að kaupin færu fram. Sýslunefndin í Strandasýslu er á því, að rjett sje að sæta boði Torfa Bjarnasonar, ef Ólafsdalsskólinn fengist fyrir hæfilegt verð, þar sem óhæfilegt virðist að privatmaður hjeldi við stofnun fyrir það opinbera, og að miklu kostnaðarminna hljóti það að verða, að kaupa þennan skóla eins og hann væri nú, en að setja á stofn nýjan skóla. Nefndin í Vesturísafjarðarsýslu álitur, að ekkert virðist vera á móti því, að Ólafsdalsskólinn yrði opiuber eign, en getur eigi haft neina ákveðna skoðun um, hvernig eða fyrir hvaða verð þessi kaup ættu að ganga fram. Nefndin í Norðurísafjarðarsýslu er á þeirri skoðun, að kaup á búnaðarskól- anum í Ólafsdal sje ekki æskileg fyrir amtið. Sýslunefndin í Austurbarða- strandarsýslu vill helst að skólanum verði framhaldið á sama hátt og hing- aðtil, en felur að öðru leyti amtsráðinu að gjöra út um málið. Sýslunefnd- in í Mýrasýslu er því mótfallin, að amtið kaupi skólastofnunina. Sýslu- nefndirnar í Vesturbarðastrandarsýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu höfðu eigi haft tækifæri til þess, að láta uppi álit sitt um þetta mál, sem eigi hafði verið borið upp fyrir þær í tæka tíð. Eptir tillögu amtsráðsmannsins úr Strandasýslu var kosin 3 manna nefnd til þess að ihuga málið og láta uppi álit sitt um það. Kosnir voru: Ásgeir Bjarnason, læknir Davíð Thorsteins- son og síra Páll Olafsson.

7. Forseti skýrði frá því, að hann hefði samkvæmt áskorun amtráðsins á fundi þess, 8.—10. júní f. á., skrifað sýslumönnunum í Strandasýslu, Barðastrand- arsýslu (að því leyti er snerti austurhluta sýslunnar), Dalasýslu, Snæfells- ness- og Hnappadalssýslu og Mýrasýslu, 13. júlí f. á., og samkvæmt áskor- un amtsráðsins í Suduramtinu á fundi þess, 30. júní — 2. júlí f. á. sýslu- mönnunum í Borgarfjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnassýslu 15. júlí f. á., og skipað svo fyrir, að almennar fjárskodanir og baðanir skyldu framfara á hinu komanda hausti, og skyldi þeim vera lokið fyrir jól sbr. Stj.tíð. 1898 B. bls. 141 og 155—158. Skýrslur um árangurinn af skoðunun- um og böðunum og um heilbrigðisástand sauðfjárins skyldu vera komnar til amtsins fyrir lok febrúarm.

Forseti lagði fram skýrslur þessar, sem af ýmsum ástæðum eigi höfðu komið til hans innan þess frests, sem getið er. Af skýrslum þessum mátti ráða, að menn yfirleitt höfðu gjört sjer far um að hlýða fyrirskipunum amtsins, nema í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, þar sem þó einmitt lá hvað mest á því, að menn böðuðu fje sitt. Á ýmsum stöðum hafði það komið fyrir, að menn höfðu haft undanbrögð og borið ofan í, í stað þess að við- hafa ídyfuböðun. Í einum hrepp hafði hlutaðeigandi hreppstjóri verið sektaður um 20 kr. Að því leyti, er snertir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu,

komst sýslumaðurinn þar svo að orði í brjefi sínu til amtsins, dags. 27. marz þ. á.: »Að því er snertir baðanir, þá hafa þær í engum hrepp farið fram á öllu fje. Í sumum hreppum hafa aðeins lömb verið böðuð, í sumum hreppum að eins kláðasjúkt fje. Í sumum hreppum hefir þó verið albaðað á flestum bæjum, að minnsta kosti að nafninu. Allar kláðakindur hafa verið teknar frá til lækninga«. Úr 2 hreppum í Mýrasýslu voru engar skýrslur komnar til sýslumanns, sem sje úr Hraunhreppi og Stafholtstungnahreppi, þá er hann skrifaði amtinu, 27. marz þ. á., og er þó sýslumaðurinn sjálfur búsettur í hinum síðarnefnda hreppi. Útaf þessu hafði amtmaður skrifað sýslumanni brjef 13 apríl þ. á., og hafði hann í því skorað á sýslumann, að heimta og senda sjer skýrslur hreppstjóranna um framkomu þeirra og aðstodarmanna þeirra í þessu tilliti, og skyldu þessar skýrslur, sem þeir hefðu ábyrgð á, að væru sannar, vera svo ítarlegar, að sjeð yrði, hvað hreppstjórar og hinir skipuðu aðstodarmenn þeirra hefðu gjört til þess að framkvæma skylduverk sín samkvæmt fyrnefndu brjefi amtsins, dags. 15. júlí f. á. Skýrslur þessar voru enn eigi komnar.

Heilbrigðisástand sauðfjárins að því leyti, er kláða snertir, á því svæði, sem hjer er spursmál um, virðist stöðugt fara batnaði. Efalaust er þetta að þakka því, að mönnum hefir verið haldið til þess að baða sauðfje sitt, og að menn yfir höfuð hafa eins og meiri áhuga en áður á því að varna útbreiðslu fjárkláða. Þegar bornar eru saman skýrslur þær, sem nú liggja fyrir, við skýrslurnar frá því í fyrra, sem útdráttur er prentaður úr í Stjórnartíðindunum 1898, B. bls. 156—157, virðist eigi annað koma í ljós, en minna sje um kláða en áður. Samkvæmt skýrslunni úr Mýra- og Borgarfjardarsýslu höfðu þar fundizt með kláða við skoðanir þær, sem fram fóru fyrir jól, 34 kindur alls, sem sje í Hvitársíðuhreppi 18, í Skoradalshreppi 2, í Leirár- og Melahreppi 12, og í Skilmannahreppi 2. Í Borgarhreppi hafði orðið kláðavart á einum bæ, en hreppstjórinn þar hafði eigi skýrt frá tölu hinna kláðasjúku kinda; en 4. jan. þ. á. hefir hann svo skrifað sýslumanni, að kláðinn væri þar batnaður, að því er fundið yrði; í Andakílshreppi hafði líka orðið lítillsháttar kláðavart á 2 bæjum. Í hinum hreppum sýslunnar hafði eigi orðið kláðavart, en eins og sagt er, voru skýrslur eigi komar úr Hraunhreppi og Stafholtstungnahreppi. Að því leyti, er snerti nágrannasýslurnar, hafði kláði komið fyrir á 2 kindum í Kjósarhreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu við skoðanir, sem framkvæmdar höfðu verið í rjettum að svo miklu leyti, sem hægt hafði verið; var önnur kindin úr Hvalfjardarstrandarhreppi. Við þær reglulegu skoðanir, sem fram fóru í desember í Kjósarhreppi, hafði að eins fundizt ein kind með óþrifavotti, sem þó eigi mun hafa verið kláði. Í Mostellshreppi fundust á liðnum vetri 2 kindur með kláða á einum bæ; þær voru læknaðar og allt fje á heimilinu tvíbaðað, en fje skoðað um allan hreppinn. Í Árnessýslu hafði heilbrigðisástand sauðfjárins reynzt vera í bezta lagi; hafði því engin böðun fram farið fyrir austan Hvitá, sbr. Stj.tíð. 1898 B. bls. 141. Samkvæmt skýrslunni úr Dalasýslu um haust eða vetrarskoðanirnar hafði orðið kláðavart á 11 kindum í Laxárdalshreppi

87 og í Hvammshreppi á stöku bæjum. Öllu verra var ástandið í þeirri sýslu orðið með vorinu eptir framlögðu brjefi sýslumannsins, dags. 10. maí. Samkvæmt skýrslu hans hafði orðið vart við kláða í 21 kind í Fellsstrandarhreppi, og 114 kindum í Hvammshreppi, við óþrif á kindum á flestum bæjum í Laxárdalshreppi og á nokkrum stöðum í Miðdalahreppi, en að því leyti er snertir ráðstafanir og framkvæmdir gegn ófögnuði þessum, var skýrslan eigi svo fullnægjandi sem skyldi, og hafði forseti því í brjefi til sýslumanns, dags. 18. maí, heimtað ítarlegri skýrslu hjerað lútandi, og fyrirskipað, að baða skyldi allt geldfje í fyrnefndum hreppum nú, þegar rúíð væri, og taka kláðasjúkt fje, sem fyrirfyndist til lækninga, en ær og lömb skyldi baða um fráfarur. Í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hata hin beztu þrif verið á sauðfje um áramótin, þá er skoðað var og baðað. Í Helgafellssveit höfðu fundizt óþrif í 5 kindum í nóvember, en við skoðunina í janúar varð hvergi óþrifa vart. Í Eyrarsveit og í Eyjahreppi hafði orðið óþrifa vart á fáeinum kindum. Í Kolbeinsstaðahreppi fundust við skoðun, sem fram fór í oktbr., 7 kindur með kláða á 3 bæjum og voru þær skornar. Við seinni skoðunina varð hvergi kláða vart. Skýrslurnar úr þessari sýslu eru mjög nákvæmar og ítarlegar og sömuleiðis úr Austurbarðastrandarsýslu. Í þeirri sýslu hafði fundizt kláði í einu lambi í Geiradalshreppi. Ennfremur er svo skýrt frá, að kláði hefði flutzt í Múlahrepp og í Flatey vorið 1898 með kláðafje úr Raudseyjum í Dalasýslu, en með þeim ráðstöfunum, sem gjörðar voru, hafði það tekizt að hindra útbreiðslu kláða úr þessum kindum. Raudseyjar eru í Skarðstrandarhreppi, en eptir skýrslu sýslumanns frá þessu vori vurd eigi kláðavart í þeim hreppi við hinar síðast framförnu skoðanir. Eptir skýrslum úr Strandasýslu hefir ástandið þar verið í góðu lagði; ein kind hafði fyrirfundizt með kláða í Hrófbergshreppi, sem hafði komið þangað úr Reykhólasveit. Í Bæjarhreppi höfðu fundizt kindur með óþrifum. Í Vesturbarðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslu, sem eru álitnar að vera fyrir utan hið kláðagrunaða svæði, hafði eigi borið á neinum kláða og heilbrigðisástand sauðfjárins verið gott á síðastliðnum vetri eptir skýrslum hlutadeigandi sýslumanna.

Forseti bar því næst undir amtsráðið, hverjar ráðstafanir mundu tiltæki-
legastar gagnvart fjárkláðanum að haustinu til og framvegis. Amtsráðið á-
lyktaði að skora á forseta, að fyrirskipa hinar venjulegu sjerstöku ráðstaf-
anir í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Dalasýslu, Kolbeinsstaðahreppi í Snæ-
fellsness- og Hnappadalssýslu, í Kjósarhreppi, Kjalarneshreppi og Mosfells-
hreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Þingvallasveit í Árnessýslu. Að öðru
leyti skyldu haustskoðanir framfara í öllu Vesturamtinu, að undan tekinni
Ísafjarðarsýslu og Vesturbarðastrandarsýslu, en baðanir framfara í þeim
hreppum, er kláða yrði vart.

8. Forseti skýrði frá úrskurðum þeim, sem hann hafði lagt á ýmsa sýslusjóðs-
og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1897 samkvæmt umboði amtsráðsins, og
um fullnustu á úrskurðum þeim, sem lagðir höfðu verið á þessa reikninga.
9. Forseti lagði fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningana úr öllum sýsl-

um amtsins fyrir 1898, sem hann hafði yfirfarið samkvæmt 41. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi. Ennfremur voru framlagðar þær athugasemdir, sem endurskoðendur sýslunefndanna höfðu gjört við suma reikningana og svör reikningshaldara.

Amtsráðið úrskurðaði þar næst reikningana.

10. Þá voru framlögð og vfirfarin eptirfylgjandi endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna:

- A. Ur Strandasýslu frá 3.—6. maí þ. á.
- B. Ur Norðurísafjarðarsýslu frá 1.—3. maí þ. á.
- C. Úr Vesturísafjarðarsýslu frá 7.—8. apríl þ. á.
- D. Úr Vesturbarðastrandarsýslu frá 13.—14. apríl þ. á.
- E. Úr Austurbarðastrandarsýslu frá 9. maí þ. á.
- F. Úr Dalasýslu frá 1. maí þ. á.
- G. Ur Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 10. og 11. apríl þ. á. og
- H. Úr Mýrasýslu frá 16. marz þ. á.

Í öllum sýslunum nema í Vesturísafjarðarsýslu og Mýrasýslu hafði niðurjöfnun sýslusjóðsgjaldsins farið fram úr því, sem jafna mátti niður án samþykkis amtsráðsins, sbr. 43. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi, samanborna við 26. gr. 4., en þessi hækkun hlaut að vera afleiðing af lögum 4. júní 1898, um breyting á gjaldheimtum til amtsjóða og sýslusjóða. Amtsráðið samþykkti þessar niðurjafnanir, en vildi jafnframt benda þeim sýslunefndum, sem eigi hefðu lagt þær undir samþykki amtsráðsins, á það, að slíkt samþykki væri nauðsynlegt.

Á sýslunefndarfundinum í Austurbarðastrandarsýslu höfðu 2 sýslunefndarmenn athugað, að ekki mundi hafa átt að borga sýslunefndarmanni Flateyjarhrepps dagpeninga fyrir að sitja sýslunefndarfund 1898, þar sem fundurinn var haldinn í Flatey, þótt eigi væri á heimili sýslunefndarmannsins eða eigi í húsi hans. Útaf þessu ályktaði amtsráðið, að það væri ekkert á móti því að veita sýslunefndarmanni 2 kr. um daginn í þóknunarskyni fyrir setu hans á sýslunefndarfund, þótt hann ætti heima á þeim stað, er fundur nefndarinnarinnar væri haldinn.

11. Forseti skýrði frá, að hann hefði skrifað sýslumönnum 18. júlí og 22. sept. f. á., og sagt þeim fyrir um tilhögun þeirra skýrslna, er sendar skyldu amtsráðinu eftirleidis ár hvert fyrir lok maím., um styrktarsjóði alþýðufólks, sem sýndu ástand sjóðanna við lok hvers hins liðna árs. Þessar skýrslur skyldu þannig leggja fyrir í fyrstu skýrslu á árinu 1900, og skyldu sýna, hvað mikið hver sjóður átti við byrjun ársins, hve mikið gjald hefði verið innheimt á árinu, og aðrar tekjur sjóðsins, svo sem gjöld fyrir leyfisbrjef til lausamennsku, tölu gjaldenda, karla og kvenna og eigu sjóðsins í Söfnunar-sjóði Íslands við lok ársins.

Ennfremur skýrði forseti frá ástandi styrktarsjóðanna við árslok 1898, samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir lágu í brjefum sýslumannanna í Stranda-, Ísafjarðar-, Dala- og Snæfellsness- og Hnappadalssýslum og endurritunum af gjörðabókum sýslunefndanna, en við árslok 1898 skyldu sýslu-

87 menn taka við innheimtu gjalda til sjóðanna og allri reikningsfærslu þeirra samkvæmt lögum 18. des. 1897, um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki.

- A. Strandasýsla. Eptir skýrslu sýslumanns voru engin skil gjörð fyrir sjóðunum í Kaldrananesshreppi og Árneshreppi fyrir árið 1898, þá er aðalfundur sýslunefndarinnar var haldinn 3.—6. maí þ. á.
- B. Norður- og Vesturísafjarðarsýslur. Eptir því sem sýslumaður skýrir frá í brjefi sínu, dags. 9. maí þ. á., vantaði þá skýrslu frá 2 hreppstjórum, sem hann hafði áminnt um, að senda reikninga sína tafarlaust.
- C. Vesturbarðastrandarsýsla. Skýrslur frá öllum hreppum sýslunnar voru komnar, og hafði sýslunefndin falið oddvita sínum að athuga nákvæmar reikninginn yfir tekjur og gjöld sjóðsins úr Tálknafjarðarhreppi við afhending hans í hendur sýslumanns.
- D. Austurbarðastrandarsýsla. Þar vantaði skýrslur fyrir 1898 úr Geiraldshreppi og Flateyjarhreppi og hafði oddvita verið falið að ganga eptir þeim og úrskurða þær. Úr hinum 3 hreppum sýslunnar voru skýrslurnar komnar.
- E. Dalasýsla. Eptir gjörðabókarendurritinu voru framlagðar á sýslunefndarfundinum 1. maí þ. á. reikningarnir úr öllum hreppum sýslunnar og hafði eigi fundizt neitt athugavert við þá.
- F. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla. Samkvæmt skýrslu sýslumanns og gjörðabókarendurritinu, höfðu alþýðustyrktarsjóðsreikningarnir úr öllum hreppum sýslunnar verið fram lagðir á sýslunefndarfundinum 10.—11. apríl þ. á., og höfðu þeir yfirleitt verið í bezta lagi.
- G. Mýrasýsla. Eptir gjörðabókarendurritinu, viðvíkjandi fundarhaldi nefndarinnar 16. marz þ. á., voru aðeins komnir reikningar úr 3 hreppum og hafði oddvitanum og síra Jóhanni Þorsteinssyni í Stafholti verið falið að yfirfara alla reikningana, þegar hinir vantandi reikningar væru inn komnir.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði skrifað sýslumönnunum í Strandasýslu og Mýrasýslu 25. maí þ. á. og skorað á þá, að gangast sem fyrst eptir fullum skilum fyrir styrktarsjóðum alþýðufólks í þeim hreppum, sem reikningar eigi voru komnir úr, þá er fundir sýslunefndanna voru haldnir, og lýsti amtsráðið því yfir, að það byggist við, að sýslumenn yfir höfuð ljeti sjer ænt um, að öll skil í þessu tilliti lægju fyrir, þar sem þeir hefðu alla ábyrgð á sjóðum þessum frá 1. jan 1899, samkvæmt fyrnefndum lögum 18. des. 1897.

12. Forseti skírskotaði til þess, sem gjörzt hafði á fundi amtsráðsins 9.—10. júní 1897, og nú síðast á fundinn 8.—10. júní f. á. viðvíkjandi hluttekning ráðsins í búnaðarfjelagi Suðuramtsins. (Stj.tíð. 1897 B. bls 114—115 og 1898 B. bls. 159 og 163), og skýrði frá, að hann hefði skrifað forseta fjelagsins hjer að lútandi 2. júlí f. á., og mætt á fundi þess 5. júlí f. á. til þess í umbodi amtsráðsins að flytja fjelaginu skýrslu um undirtektir amts-

ráðsins, og til þess að semja við stjórn fjelagsins um upphæð tillags þess, sem Vesturamtíð skyldi greiða til fjelagsins, en svo langt varð eigi komizt, þar sem amtsráðin í Norðuramntinu og Austuramntinu höfðu ályktað á fundum sínum í fyrra að fresta málinu til næstu funda (sbr. Stj.tíð. 1898, B. bls. 171—172 og 178).

Út af þessu ályktaði amtsráðið, að lýsa því yfir, að, þar sem tilboð þess þá í fyrra eigi hefði verið sinnt, þá stæði það eigi lengur.

13. Forseti skýrði frá því, að hann samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 8.—10. júní f. á. hefði búið til og látið prenta, og útbýtt eyðublöðum undir fyrirmyndir fyrir skýrslum þeim, sem hreppstjórnar eiga að senda sýslumanni árlega um skoðanir þær, sem eiga að framfara samkvæmt lögum 26. febr. 1898, um horfelli á skepnum. Forseti kvadst mundi hafa verið eitthvað óheppinn með tilbúning sinn á þessum eyðublöðum, sem hann lagði fram sýnishorn af, þar sem svo virtist, að sumum gedjadjast eigi betur að eyðublöðunum en að lögnum sjálfum. Í þessu tilliti var lagt fram brjef sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, 17. marz þ. á., en af því brjefi er eigi annað að ráða, en að menn hafi viljað hafa annað form fyrir skýrslunum um haustskoðanir en um vorskoðanir. Sýslunefndin í Vesturísafjarðarsýslu hefir ekkert sjerstakt að athuga við sjálfar skýrslurnar, nema hvað form þeirra er sagt óheppilegt, en að hverju leyti, er ekki skýrt frá. Á sýslunefndarfundinum í Dalasýslu hefir verið samþykkt að kjósa 3 manna nefnd til þess, að finna hagfeldara form fyrir skýrslurnar og bera það undir amtmann. Nefndin í Vesturbarðastrandarsýslu álitur það æskilegt, að forminu verði breytt, en segir ekki neitt um, hvernig formið ætti þá að vera. Skýrslurnar fyrir veturinn 1898—1899, sem sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu hafði sent amtsráðinu úr báðum sýsluum skyldu endursendast, þar sem eigi er gjört ráð fyrir því í lögum 26. febr. 1898, að amtsráðið fjalli um þessar skýrslur.

Apturámóti er ekki annað að sjá, en að sýslunefndirnar í Norðurísafjarðarsýslu og í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hafa gjört sig ánægðar með skýrsluformið, og hafa þær gefið út nánari reglur um notkun eyðublaðanna.

Amtsráðið ályktaði að fela amtmanni að svara væutanlegum fyrirspurnum um notkan skýrslanna og gefa mönnum leiðbeiningar hjer að lútandi, eftir atvikum, samkvæmt reglum þeim, sem sýslunefndir þær, er nú voru nefndar, hafa sett um þetta.

14. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Strandarsýslu, dags. 12 maí þ. á., þar sem sýslunefndin fer þess á leit, að veittar verði úr landssjóði 100 kr. til vörðuhleðslu á fjallveginum Steingrímsfjarðarheiði, og skýrði frá, að hann þegar hefði beint þeirri málaleitun til landshöfðingja með meðmælum sínum fyrir hönd amtsráðsins, til þess að byrjad yrði sem fyrst á þessari vegabót, ef fjed yrði veitt. Landshöfðingi hefði svo veitt þessa upphæð með brjefi sínu, dags. 30. maí, sem var framlagt.

- 87 15. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dags. 28. apríl þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar æskir eftir samþykki amtsráðsins til þess, að taka megi 3000 kr. lán um á sýslusjóð, til 20 ára, til þess að fullgjöra sýsluveginum yfir Hjarðarfellsflóa, sem byrjað hafði verið á í fyrra, og þá varið til 970 kr. 20 au.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði veitt samþykki sitt til lántöku þessarar fyrir hönd amtsráðsins, og hlutast til um, að lánið væri fengið úr landssjóði.

Amtsráðið samþykkti þetta.

16. Framlagt var brjef sýslumannsins í Dalasýslu, dags. 8. maí, þ. á., þar sem samþykkis amtsráðsins er leitað til þess, að sýsluvegur verði eptirleidis frá Þjóðveginum við Stóraskóg í Miðdalahreppi um Harrastaðaland yfir lækjarvað á Miðá og þaðan yfir Snóksdalsmela fyrir utan Hörðubólstún, yfir Hörðudalsá upp á milli Blönduhlíðar og Bugðustaða í Hörðudalshreppi og þaðan fyrir ofan Bugðustaði og Ketilstaði yfir brýrnar á Skraumu og Bakkaá; ennfremur til þess, að sýsluvegur gengi af Þjóðveginum við Nedri Brunná, hjá Skollhól og þaðan í Tjaldanesháls, og að endingu til þess, að vegurinn frá Saurstöðum að Miðá væri numinn úr sýsluvegatölu.

Amtsráðið samþykkti þessar breytingar.

17. Amtsráðið fjellst á þá tillögu sýslunefndarinnar í Strandasýslu, að sýsluvegurinn yfir Bitruháls skuli hjereptir liggja úr »Skörðunum« ofan »Hamarsneiðingar« og Mókollsdal yfir Fellseyrar, þegar þar hefði verið gjörður vegur skemmstu leið á sýsluveginum fyrir botni Kollafjarðar í stað þess, sem hann nú liggur út háls og ofan Stóra Fjarðarhornssneiðingar.
18. Amtsráðið samþykkti ennfremur þá tillögu sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, að sýsluvegurinn frá Skildi út Skeið yfir Berserkjahraun, um Botna yfir Tröllaháls, með Kolgrafafirði, um Eidi og Grund út Eyrarsveit, yfir Búlandshöfða, hjá Brimilsvöllum að Fróða, yrði felldur úr tölu sýsluvega.
19. Amtsráðið samþykkti, að sýslunefnd Nordurísafjarðarsýslu mætti verja 550 kr. til gufubátsferða um Ísafjardardjúp á yfirstandandi sumri.
20. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Dalasýslu, dags. 6. maí þ. á., þar sem hann fer þess á leit fyrir hönd sýslunefndarinnar, að amtsráðið leyfi, að sýslunefndin taki 500 kr. lán handa hreppssjóði Saurbæjarhrepps til kirkjubyggingar í hreppnum.

Á sínum tíma á fundinum 14.—15. júní 1895 veitti amtsráðið samþykki sitt til þess, að sýslunefndin tæki allt að því 5000 kr. lán handa Saurbæjarhreppi til þess að kaupa þá hluti Staðarhólstorfunnar, sem liggur í hreppnum, og til þess að byggja upp Staðarhólskirkju; hjer er að ræða um kirkju þessa, sem er eign hreppsins, og sem á að reisa á Skollhól Með hliðsjón af þessu vildi amtsráðið samþykkja þessa lántöku.

21. Amtsráðið tók til umræðu þá tillögu sýslunefndarinnar í Vesturísafjarðarsýslu, að Mosvallahreppur yrði gjörður að 2 yfirsetukvennumdæmum, þannig að Kirkjubólssókn verði skilin frá umdæminu á Ingjaldssandi; skyldi

önnur yfirsetukonan sitja að vestanverðu (sunnanverðu) við Önundarfjörð, en hin að austanverðu (norðanverðu), og skyldi Kirkjuból í Korpudal fylga vestara umdæminu. 87

Amtsráðið ályktaði, að 5. yfirsetukvennaumdæmi Ísafjardarsýslu (Mosvallahreppur að undanteknum Mosdal og Valþjófsdal) skiptist í 2 umdæmi, 5. og 6. umdæmi, og sje 5. umdæmið fyrir sunnan Önundarfjörð, en hið 6. fyrir norðan Önundarfjörð, þannig að Kirkjuból í Korpudal fylgi syðra umdæminu. Mosdalur og Valþjófsdalur aðskiljast frá 4. umdæminu (á Ingjaldssandi) og leggist til 5 umdæmisins eða umdæmisins fyrir sunnan Önundarfjörð svo fljótt sem unnt væri.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði orðið þess áskynja, að nokkur glundroði eða ruglingur væri á hinni núverandi skipun yfirsetukvennaumdæma nýrðst í Ísafjardarsýslu eða í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum (Stj. tíð. 1896, B. bls. 204), og að hann hefði skýrt sýslunefndinni í Norðurísa-fjardarsýslu frá þessu og borið það undir hana, að koma fram með tillögur sínar til lagfæringar. Þessar tillögur voru nú komnar frá nefndinni og ganga í þá átt, að nefndum hreppum sje hvorum um sig skipt í 2 umdæmi á þessa leið:

13. umdæmi, Grunnavíkurhreppur, sunnan Skorarheiðar.

14. umdæmi: Grunnavíkurhreppur norðan Skorarheiðar að Almennings-skarði.

15. umdæmi: Sljettuhreppur norður að Hvestu og Kjaransvíkurskarði.

16. umdæmi: Sljettuhreppur norðan Hvestu að Horni.

Amtsráðið fjellst á tillögur þessar, en vegna þess, að 5. umdæminu er skipt í 2 umdæmi, eins og skýrt er frá að framan, breytist töluröð þessara 4 umdæma eptir því, og verða þá 17 yfirsetukvennaembætti í Ísa-fjardarsýslu.

22. Forseti fram lagði skýrslur um kennsluna í kvennaskólanum í Reykjavík 1898—99 og um afstaðið vorpróf; ennfremur reikninga yfir tekjur og gjöld skólans fyrir 1897—98. Stjórnarnefndin hefir í brjefi, dags. 16. maí þ. á., sótt um 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði.

Amtsráðið sá sjer ekki fært að veita hinn umbedna styrk.

23. Forseti lagði fram frumvarp það til reglugjörðar um fjallskil fyrir Austurbarð-arstrandarsýslu, um eyðingu refa o. fl., sem amtsráðið hafði haft til meðferðar á fundi sínum 8—10. júní f. á. (Stj. tíð. 1898 B. bls. 22—23), en eigi sjeð sjer fært að staðfesta vegna þess, að 31. gr. þess kæmi í bág við 1. gr. laga 24. nóv. 1893 um breyting á 3. gr. laga 22. marz 1890 um lög-giltar reglugjördir sýslunefnda. Nú var 31. gr. frumvarpsins lögud í samkvæmni við nefnd lög 24. nóv. 1893, og staðfesti amtsráðið frumvarpið til þess að öðlast gildi 1. september næstkomandi.
24. Framlagður var aptur reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1898, og var hann samþykktur með því skilyrði, að reikningshaldari fullnægði 3 athugasemdum, sem endurskodendur höfðu gjört við hann.

87 25. Framlagðir voru aptur reikningar yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins, búnaðarsjóðs Vesturamtsins og amtsbókasafnsins fyrir 1898, og voru þeir samþykktir án athugasemda.

26. Nefnd sú, er amtsráðið hafði kosið til þess, að hafa til meðferðar tilboð skólastjóra Torfa Bjarnarsonar um að selja amtinu búnaðarskólastofnunina í Ólafsdal með öllu tilheyrandi, lagði fram álitsskjal sitt um þetta mál, og ræður nefndin frá því af tilgreindum ástæðum, að fest sje kaup á búnaðarskólastofnuninni.

Amtsráðið tók mál þetta aptur til umræðu, og varð það samþykkt með öllum atkvæðum, að fallast á þá tillögu nefndarinnar, að ráðast ekki í að kaupa skólastofnunina í Ólafsdal.

27. Forseti lagði fram reikning yfir viðskipti amtsins og búnaðarskólans í Ólafsdal 1898—99 og skýrslur skólastjóra um skólann 1897—98 og 1898—99.

Amtsráðið ályktaði að verja til skólans fyrir skólaárið 1899—1900, með því skilyrði að tala lærisveina yrði 12 (6 í efri og 6 í neðri deild):

1. Meðgjöf með 6 piltum í efri deild	900 kr.
2. Meðgjöf með 6 piltum í neðri deild	1500 —
3. Laun forstöðumanns	800 —
4. Laun aðstoðarkennara	350 —
5. Til verkfæra og áhalda	100 —
6. Til prófdómenda	50 —
7. Til bókakaupa	50 —
	<hr/>
	3750 kr.

og skyldu ganga til þess:

1. Styrkur úr landssjóði	2500 kr.
2. Styrkur úr búnaðarskólasjóði	1000 —
3. Styrkur úr búnaðarsjóði	250 —
	<hr/>
	3750 kr.

Upphæð þessa mætti forseti borga út á venjulegan hátt og tíma.

28. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1900.

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar	1100 kr.
2. 4. atborgun upp í lán Torfa Bjarnarsonar í Ólafsdal 600 kr. og rentur 30. september 1900 416 kr.	1016 —
3. Jafnaðarsjóðsgjald, þar með talið gjald samkvæmt 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjaldheimtu til amtsjóða og sýslusjóða	2700 —
	<hr/>
	4816 kr.

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	1000 kr.
2. Gjald samkvæmt 1. gr. ádurnefndra laga 4. júní 1898 c.	640 —
	<hr/>
	1640 kr.

3. Kostnaður samkvæmt 3. gr. laga 2. október 1891, um skipun dýralækna á Islandi	1640 kr.	87
4. Amtsbókasafnið.	200 —	
5. 6. og síðasta afborgun uppí bankalán 28. júní '95	400 —	
6. 4. afborgun uppí og rentur af bankaláni 14. nóv. '96	500 —	
7. Ferðakostnaður	1016 —	
8. Ýmislegt	80 —	
9. Eptirstöðvar	280 —	
	700 —	
	<u>4816 kr.</u>	

Það, sem má jafna niður án samþykkis landshöfðingja, er 1971 kr. 01 eyrir, og ályktaði amtsráðið að leita samþykkis landshöfðingja til að jafna niður 2060 kr., sem er hið eiginlega jafnaðarsjóðsgjald.

29. Fyrir skriptir á amtsráðsfundinum voru veittar 20 kr. og fundarhús 12 kr Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 30. júní 1899.

J. Havsteen.

Skýrsla

88

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramtinu 27. maí til 1. júní 1899.

Ár 1899, laugardaginn hinn 27. maí, var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Húnavatnssýslu Benidikt Blöndal í Hvammi, amtsráðsmanni Skagafjarðarsýslu umboðsmanni Ólafi Briem á Álfgæirsvöllum, amtsráðsmanni Eyjafjarðarsýslu kennara Stefáni Stefánssyni á Möðruvöllum og amtsráðsmanni Suðurþingeyjar-sýslu, prófasti Arna Jónssyni á Skútustöðum.

Á fundinum voru þessi mál tekin til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða fyrir fyrir 1898, með fylgiskjöllum:
 - a. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
 - d. Amtsbókasafns Norðuramtsins.
 - e. Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins.
 - f. Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu.
 - g. Þúsundáraafmælisjóðs Eyjafjarðarsýslu.

Jafnframt lagði forseti fram brjef landshöfðingjans, dags. 21. jan. þ. á., viðvíkjandi þeim hluta af skrifstofukostnaði amtmanns, er leiðir af ályktun-um amtsráðsins.